



Reykjavík 15. nóvember 2024

Niðurstaða vettvangsathugunar hjá Kviku banka hf. á mati bankans á mótaðilaáhættu

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf vettvangsathugun hjá Kviku banka hf. (hér eftir Kvika eða bankinn) í september 2023 og lá niðurstaða fyrir í september 2024.

Markmið athugunarinnar var m.a. að kanna hvernig Kvika banki hf. stóð að mati á mótaðilaáhættu í eiginfjárskýrslu (COREP) m.t.t. 77. gr. a. og 78. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013¹ (hér eftir „CRR“), sem lögfest er með 1. gr. c. fttl. og framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451², sbr. þágildandi reglur nr. 1163/2022 um gagnaskil fjármálafyrirtækja. Í samhengi við framangreint var jafnframt kannað hvernig bankinn stóð að mati á fjárhagslegum tryggingum (e. *financial collateral*) til mildunar útlánaáhættu.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði í tengslum við athugunina var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að Kvika banki hf. hefði brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum fttl., CRR, reglugerð (ESB) 2021/451 og þágildandi reglum nr. 1163/2022. Ekki var talið tilefni til að beita viðurlögum vegna brotanna en við matið var m.a. horft til eðlis og umfangs brotanna og hvort um ítrekuð brot væri að ræða. Gerðar voru eftirfarandi athugasemdir og viðeigandi úrbóta krafist:

- Aðferðafræði bankans við útreikning á eiginfjárbindingu vegna afleiðusamninga var ábótavant. Bankinn notaði tryggingar til mildunar á áhættuskuldbindingarvirði afleiðusamninga og studdist við Aðferð upprunalegrar áhættu (e. *original exposure method*) við útreikning á áhættuskuldbindingarvirði afleiðusamninga, sbr. 5. þátt 6. kafla þriðja hluta CRR. Í 5. mgr. 223. gr. CRR kemur fram að sé um að ræða OTC-afleiðuviðskipti skuli lánastofnanir sem nota aðferðirnar sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. þætti 6. kafla taka tillit til áhættumildandi áhrifa trygginga í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. þætti 6. kafla, eftir því sem við á. Af því leiðir að þegar stuðst er við aðferð upprunalegrar áhættu, sbr. 5. þátt 6. kafla, er ekki heimilt að nýta tryggingar til frádráttar á áhættuskuldbindingarvirði afleiðusamninga samkvæmt 4. kafla þriðja hluta CRR líkt og bankinn gerði. Einnig greindi bankinn ekki sértæka fylgniáhættu (e. *specific wrong-way risk*) við útreikning á áhættuskuldbindingarvirði afleiðusamninga, sbr. 9. mgr. 273. gr. og 291. gr. CRR. Þá notaði bankinn á viðmiðunartíma athugunarinnar margföldunarstuðulinn 0,42 við útreikning á

¹ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

² Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirlvalda og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014.

mögulegri framtíðaráhættu (*e. Potential Future Exposure*) afleiðusamninga, sbr. d-lið 4. mgr. 282. gr. CRR. Slíkt er ekki heimilt þegar stuðst er við b-lið 3. mgr. 282. gr. CRR við útreikning á endurnýjunarkostnaði (*e. Replacement Cost*) afleiðusamninga. Ennfremur leiðrétti bankinn áhættuskuldbindingarvirði afleiðusamninga með tilliti til flökts, sbr. 223. gr. 4. kafla þriðja hluta CRR, sem er ekki heimilt þegar stuðst er við Aðferð upprunalegrar áhættu (*e. original exposure method*), sbr. 5. þátt 6. kafla þriðja hluta CRR, við útreikning á áhættuskuldbindingarvirði afleiðusamninga. Vegna framangreinds uppfyllti aðferðafræði Kviku við útreikning á eiginfjárbindingu vegna afleiðusamninga ekki skilyrði 6. kafla þriðja hluta CRR, sbr. 273., 282. og 291. gr. CRR, og 77. gr. a. og 78. gr. a. fttl.

- Aðferðafræði bankans við útreikning á eiginfjárbindingu vegna leiðréttingar á útlánvirði (CVA) var ábótavant. Við samanburð á tilteknum flipum í eiginfjárskýrslu bankans (COREP), dags. 31. desember 2022, kom í ljós að afleiðusamningar við tvo aðila voru ekki inni í útreikningi bankans á leiðréttu útlánvirði (CVA). Enn fremur kom í ljós að útreikningar á EAD (útlánaígildi) fyrir afleiður undir CVA byggðust á „Mark-to-Market“ aðferð sem ekki er lengur í gildi. Með vísan í framangreint uppfyllti aðferðafræði Kviku við útreikning á eiginfjárbindingu vegna leiðréttingar á útlánvirði ekki skilyrði 382. gr. CRR, á þeim tímapunkti sem athugunin miðaðist við.
- Skjalfestu verklagi við mat á mótaðilaáhættu var ábótavant. Þar sem Kvika hafði ekki skjalfesta aðferðafræði við útreikning á eiginfjárbindingu vegna mótaðilaáhættu taldist bankinn að því leytinu til ekki uppfylla kröfur um að hafa yfir að ráða tryggt eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína, skv. 77. gr. a. og 78. gr. a. fttl.
- Bankinn mat ekki með markvissum hætti hvort til staðar væri veruleg jákvæð fylgni milli lánsþæfis lántaka annars vegar og virði tryggingar hins vegar, sbr. 2. mgr. 207. gr. CRR, en í því ákvæði kemur fram að ekki megi vera til staðar slík veruleg jákvæð fylgni svo tryggingin teljist hæf til mildunar á útlánaáhættu. Samkvæmt framansögðu uppfyllti Kvika ekki þau skilyrði sem sett eru fram í 2. mgr. 207 gr. CRR, til þess að fjárhagslegar tryggingar teljist hæfar til mildunar á útlánaáhættu, sbr. 77. gr. a. og 78. gr. a. fttl.
- Útfyllingu á tilteknum reitum í eiginfjárskýrslu bankans (COREP), dags. 31. desember 2022, vegna mótaðilaáhættu var ábótavant. Bankinn setti fjármögnunarviðskipti með verðbréf ekki undir mótaðilaáhættu. Þá var útfylling á tilteknum flipum tengdum mótaðilaáhættu ekki fullnægjandi. Útfylling Kviku á eiginfjárskýrslu (COREP) hvað framangreind atriði varðar var ekki í samræmi við kröfur um gagnaskil, skv. a-lið 1. mgr. 430. gr. CRR, sbr. reglugerð (ESB) 2021/451 og 1. mgr. 2. gr. þágildandi reglna nr. 1163/2022.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að Kvika myndi fela innri endurskoðanda að gera úttekt á hvort farið hafi verið að úrbótakröfum með fullnægjandi hætti og að gerð yrði grein fyrir úttektinni og niðurstöðu hennar í sérstakri skýrslu sem send yrði til fjármálaeftirlitsins.